

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 19.01.2021	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Fundur settur. Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis
2. Ýmis samfélagsmál, Grænbók, jöfnun launa milli markaða og fyrirhugaðar breytingar á lífeyrissjóðum. Árni Stefán
3. Orlofsmál. Ólafur Hallgrímsson
4. Styttning vinnuvikunnar, staða verkefnisins. Þórarinn Eyfjörð
5. Önnur mál

1. Ávarp formanns

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

2. Ýmis samfélagsmál

Árni rifjaði upp að 2015 var SALEK í umræðunni, að breyta fyrirkomulagi á vinnumarkaði, hvernig við gerum kjarasamninga og hlutverk ríkissáttasemjara. Mikil breyting varð innan forystu stéttarfélaganna og áherslur breyttust.

Í lífskjarasamningunum var ákveðið að skoða kjarasamninga, vinnumarkaðsmál og lífeyrissjóðsmál. Það var skipaður starfshópur undir forystu Henny Hinz, verkefnið er nefnt Grænbók.

Markmið verkefnisins er að kortleggja núverandi stöðu, hópnum er ætlað að skila tillögum sínum til forsætisráðherra í lok apríl en Árni er ekki bjartsýnn á að það standist.

Nefndin bað stéttarfélög að senda nokkra punkta um hvað þau vildu sjá breytast. Árni fór yfir áherslur stjórnar Sameykis.

Áherslur stjórnar Sameykis

- Erum á móti breytingum á samningsréttinum m.a að hann flytist til heildarsamtaka
- Stéttarfélög eru of mörg – samningsrétturinn bundinn ákveðnum fjölda starfsmanna.
- Ákveðið ferli ætti að eiga sér stað í kjarasamningsgerðinni.
 - Kjarasamningsviðræður hæfust tímalega – og hefðu ákveðin tímaramma
 - Ríkissáttasemjari hefði meiri og betri möguleika til að leggja fram sáttatillögur
 - Ef ekkert gengur þá komi til aðgerða
- Bentum á að ferðamannaiðnaðurinn sem er lálaunaiðnaður mætti ekki vera of stór í efnahagskerfinu.

Einnig var talað um í Lífskjarasamningum að fara í stefnumörkun í lífeyrismálum. Þjóðin er að eldast og iðgjaldið 15,5% dugar ekki fyrir þeim réttindum sem búið er að lofa.

Það þarf að bregðast við því, t.d. lengja lífeyrisaldurinn, byrja síðar á töku lífeyris eða hækka iðgjaldið.

Stefnumörkun í lífeyrismálum.

- Hluti af lífskjarasamningnum. Áætlað að gera Grænbók sem liggi fyrir í vor.
- Helstu þættir sem hafa verið í umræðunni:
 - Við hækkun iðgjalds á almennum markaði – þá sömdu ASÍ og SA um tiltekna séreign?
 - Er iðgjaldið í lífeyrissjóðina of hátt, 15,5%?
 - Eiga starfsmenn að fá að velja sér lífeyrissjóð?
 - Á að breyta skipun stjórna lífeyrissjóðanna?
 - Er raunávöxtunarkrafa sjóðanna of há?
 - Viðbótarlífeyrissparnaður getur verið 6%. Getur nýttast fyrstu kaupendum íbúða skattfrjálst í 10 ár.

Það er svo komið skref í að jafna laun milli markaða með jöfnun lífeyrisgjalda. Iðgjaldið var hækkað í 15,5% á almenna markaðnum. En önnur leiðrétting launa hefur dregist. Fundur á morgun til að ákveða næsta skref.

Jöfnun launa milli markaða

- Liggur fyrir grófllega hver munurinn er milli sambærilegra hópa á opinberum markaði og almennum markaði.
- Samkvæmt samkomulagi átti fyrsta leiðrétting að koma 1. janúar 2021.
- Ríkissáttasemjari heldur utan um starfshópinn sem vinnur að verkefninu. Og Katrín Ólafsdóttir lektor stýrir útreikningum og faglega hlutanum.
- Fundur í vikunni með aðilum til að ákveða næstu skref.

Árni hvatti fundarmenn til að hlusta vel eftir fjölmiðlaumfjöllun um Grænbók og lífeyrismálin.

Fyrirspurn af vef, spurt um álagsgreiðslur vegna Covid 19. Árni sagði því ekki lokið.

Hafa stéttarfélögin skoðun á bankasölu? Árni sagði að almennt værum við á móti sölu ríkisstofnana, erum á því að ríkið eigi að halda einum banka, hann benti á skýrslu á vef BSRB.

Spurt um þá sem eru ekki í lífeyrissjóði hvort þeir fái ekki jafn mikið greitt og þeir sem eru í lífeyrissjóði. Nú er skylda að greiða í lífeyrissjóð, ríkisskattstjóri á að fylgjast með því.

Spurt af hverju er ekki einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn ef sönn samlegðarsjónarmið eru viðmiðið. Árni sagði ekki gott að hafa bara einn sjóð en það væri heppilegra að fækka þeim.

Spurt um leiðréttingu vegna jöfnunar launa milli markaða, hvort hún verði afturvirk. Árni sagði að það þarf að ná samkomulagi við vinnuveitendur hvernig skuli borga þessa leiðréttingu, hann heldur að það verði erfitt að ná í gegn. Markmiðið var að ná þessu í gegn í síðustu kjarasamningum, að þar yrði skýrt hvernig þetta skyldi afgreitt.

Spurt um grein um kostnað Reykjavíkurborgar vegna styttingar vinnuvikunnar, Árni sagði að þetta væri vegna vaktavinnustarfsmanna, dagvinnuhópar áttu ekki að kosta neitt.

3. Orlofsmálin – Ólafur Hallgrímsson f. h. Orlofssjóðs.

Árið 2017 var farið í að þinglýsa öllum húsum á stéttarfélögin en áður var BSRB þinglýstur eigandi allra húsanna.

Ólafur fór yfir endurbyggingu húsa í Munaðarnesi og sýndi myndir frá þeim framkvæmdum.

Aðsókn hefur aukist mikið eftir að félagið eignaðist þessi nýuppgerðu hús.

Spurt var um hvort fjölga eigi gæludýrahúsum – Ólafur sagði að það standi til.

Spurt hvort það myndi skila meiri nýtni og hagnaði ef gjaldið fyrir virka daga yrði lækkað – Ólafur sagði að húsin eru flest mjög vel nýtt, nánast alltaf í útleigu.

Aftur spurt um gæludýrahald í húsum, það er ekki leyft á stórum orlofshúsasvæðum, við þurfum að reyna að fá stök hús þar sem hægt yrði að bjóða það. Hús í einkaeigu hafa undanfarið verið frekar leigð erlendum ferðamönnum heldur en stéttarfélögum.

4. Styttling vinnuvikunnar

Þórarinn fór yfir stöðuna í styttlingu vinnuvikunnar, hvað er búið og hvað er framundan.

Fyrst svaraði hann spurningu um álag á orlofsrétt, nú er ekki lengur réttur til álags á orlof nema yfirmenn óski þess, Sameykki mælir með að þetta sé haft skriflegt.

Gleðilegt er að margar fréttir um styttlinguna eru jákvæðar en mínusar eru m.a. fregnir af miðlægum ákvörðunum sveitarfélaga. Rétt helmingur er að fara í 4 tíma styttlingu. Þvælingur er með neysluhlé og skrepp þvælist fyrir ýmsum. Misskilningur er um hvað á að vera innan vinnutíma eða utan.

Menningin hefur verið þannig á vinnumarkaðnum að heilsu- og fjölskyldumál megum við leysa á vinnutíma. Hér er dæmi um skýra skilgreiningu eins vinnuveitenda:

Launað skrepp á vinnutíma	Ólaunað skrepp sem verður utan vinnutíma
Fjarvera tengd heilsufari starfsmanna	Fjarvera sem er valkvæð og ekki nauðsynleg á vinnutíma
Læknir, tannlæknir, sjúkrahjálfun	Klipping, litun, plokk og andlitsbað (öll snyrting)
Fjarvera tengd heilsu barna starfsmanna	Nudd
Læknir og tannlæknir	Verslun
Fjarvera tengd heilsufari nákominna ættingja	Bílastúss
Læknaviðtöl	Heilsurækt
Fjarvera í neyðartilfellum	Út að borða
Slys, sóttkví og einangrun	Stúss vegna framkvæmda
Andlát og jarðarfari nánustu aðstandenda	Bankamál
Fjarvera tengd skólagöngu grunnskólabarna	Skólasýningar / skólahátíðir
Skólasætning / skólalok og foreldraviðtöl	

Kjarasamningar – kjarninn í ákvæðum. Upprifjun.

- Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram **gagnkvæmum ávinningi** starfsfólks og stofnana með betri vinnutíma.
- Markmið breytinganna er að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma, auka skilvirkni, bæta gæði þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að **bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.**
- Sérstakur innleiðingarhópar samningsaðila hefur útbúið leiðbeiningar og stuðningsefni til **nota fyrir starfsfólk og stofnanir.**
- Þegar niðurstaða um skipulag vinnutíma liggur fyrir skal vinnutímasamkomulag annars vegar **borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá viðkomandi stofnun** og hins vegar skal fá staðfestingu hlutaðeigandi viðsemjanda.

Heildarhugmyndin eru umbætur, betra atvinnulíf og betra fjölskyldulíf.

Reykjavíkurborg er búin að skila inn gögnum til Sameykis. Styttlingin er að mestu 4 stundir, en einstaka stofnanir af 167 eru með aðrar útfærslur.


Ríkið - 144 stofnanir eru búnar að skila inn eyðublaði um breytingar en aðeins 84 búnar að fá staðfestingu frá sínu fagráðuneyti. Menntamálaráðuneytið vill t.d. safna upp staðfestingum og senda í einum bunka. Meirihluti stofnana fer í 36 stunda viku.

Yfirlit tilkynninga frá stofnunum ríkisins

- Komin eyðublöð/tilkynningar frá 84 stofnunum ríkisins í gegnum 8 ráðuneyti.
 - góð skil frá dómsmála-, heilbrigðis-, umhverfis- og samgöngu...
 - Byrjað að koma frá menntamála
 - Ekkert frá fjármála- né utanríkis
- Amk. 144 stofnanir búnar að senda til ráðuneyta
 - vantar að fá staðfest frá 60 og sent til okkar
- Alls eru stofnanirnar um 175
 - vantar um 30 inn til ráðuneytanna

	Fjöldi
Fjöldi stofnana	84
Fjöldi starfsmanna alls	4.800
Fjöldi kvenna	3.200
Fjöldi karla	1.600
Fjöldi í Sameyki	1.023
Fjöldi í öðrum BSRB fél.	668
Fjöldi ekki í BSRB	3.109

Hve mikil stytting hjá stofnunum ríkisins




Sveitarfélögin - staðan

Hverjir eru að gera hvað?

- Sveitarfélögin. Ekki neinar húrraféttir þaðan.
- Þau eru ekki komin með heildaryfirlit en nýjustu upplýsingar vekja vonir
- Enn eiga ansi mörg sveitarfélög eftir að skila upplýsingum.
- Það sem kemur inn er sent í mörgum bútum og flókið að fá einhverja heildarmynd.
- Sambandið sagðist ekki eiga neitt heildaryfirlit yfir fjölda vinnustaða og því erfitt og flókið að skoða hver útfærslan er í raun á vinnustöðum.
- Ekki uppörvandi að sjá sveitarfélög sem eru að fara í 13/65 mín. útfærslu á öllum sínum vinnustöðum.

Blátt eru fjöldi stofnana en grænu súlurnar eru fjöldi starfsmanna svo niðurstaðan er betri en leit út fyrir



Við eigum marga félagsmenn á Landspítala:

Landspítalinn – stór og flókinn vinnustaður

- Stytting vinnuvikunnar í dagvinnu hefur gengið vel.
- Staðan er sú að 157 deildir/einingar hafa styttn vinnuvikuna frá og með 1. janúar 2021.
- Flestar þeirra eða 153 fara í fulla styttingu en 4 deildir hafa sótt um 65 mínútna styttingu á viku.
- 36 dagvinnu deildir/einingar eru eftir að skila niðurstöðu og munu væntanlega koma inn í fulla styttingu frá og með 1. febrúar 2021.
- Ýmsar ástæður eru fyrir töfum hjá þessum deildum. Stórar einingar sumarhverjar þurfa sértæka aðstoð (túlkaaðstoð) til að tryggja að allir séu meðvitaðir um þessar breytingar og hvað felst í þeim.

Fjöldi starfsmanna byrjar vinnu á dagvinnutíma en vinnur fram yfir dagvinnumörkin, vinnur með vaktavinnuhópum og hefur verið skilgreint með þeim. Þau fá 25 mín. greiddar í yfirvinnu eins og vaktavinnufólkið. Skilgreiningar á breytingum vinnutíma og þá þarf að skilagreina þennan hóp upp á nýtt, þau verða dagvinnuhópur, en mega ekki lækka í launum, enn er verið að fjalla um þetta.

Hver er þá staðan í dagvinnu?

- Mikill meirihluti hjá Ríki og Reykjavíkurborg virðist vera á réttu róli og er að stytta niður í 36 stunda vinnuviku.
- Svo virðist sem að ekki sé búið að útfæra umbótaverkefnið á einhverjum stöðum og er sú vinna þá framundan.
- Sveitarfélögin virðast ekki vera á nægjanlega góðum stað því þær fréttir sem við heyrum segja frá að rétt rúmlega helmingur sveitarfélaga er að fara í 36 tíma vinnuviku.
- Getur mögulega kallað á töluverða vinnu hjá innleiðingarhópnum.

En hvað með vaktavinnuna?

- Innleiðingarhópur samningsaðila er búinn að vera á fullri ferð
- Breytingin verður einsleit – Allir fara í 36 tíma m.v. fullt starf
- Möguleiki að fara í 32 tíma þjá þeim sem vinna erfiðar vaktir
- Vaktahvati, virði vinnustunda, breytt álag, skipulag vakta
- Námskeið hjá Sameyki þar sem farið er yfir breytingarnar
- Trúnaðarmenn sem vinna í vaktakerfum fá boð um þátttöku
- Betrivinnutimi.is – góður upplýsingavefur

Trúnaðarmenn fá boð um þátttöku á námskeiði. Föstudaginn 5. febrúar ættu þau að vera búin að fá boð um námskeið.

Þórarinn benti á heimasíðuna, betrivinnutimi.is sem geymir góðar upplýsingar.

Spurt var: Þau sem fá greidda kaffitíma, missa þau það? Ef það eru dagvinnumenn á vöktum þá er væntanlega eitthvert kerfi þar sem fólk kemst í kaffi. Skv. fylgiskjali 1 á ekki að skerða laun.

Spurt um lækniþjónusta gæludýra, fellur það undir fjölskylduheilsuna? Þórarinn sagði að svo væri ekki.

Spurt var hvort eðlilegt sé að stjórnendur aðlagi texta vinnutímanefndarinnar:

[H.E. Bjarnason](#) To All panelists and attendees

Er eðlilegt að stjórnendur aðlagi texta 36 tíma nefndarinnar úr "Neysluhlé 30 mín milli kl. 11:30 og 13:30 nýtt til þess að nærast á vinnustaðnum." í "Stutt neysluhlé (20 – 30 mínútur) sem er ekki á forræði starfsmanna og er að jafnaði tekið milli 11:30 og 13:30 þegar því verður við komið og er nýtt til þess að nærast á vinnustaðnum." Hefur matartíminn okkar stytst í 20 mínútur??

Þegar við förum í fulla styttingu þá á að skapast svigrúm til að matast. Matartíminn er ekki lengur á forræði starfsmanna, væntanlega fer fólk í mat og matast á eðlilegum hraða.

Árni bætti við að það kom í nokkrum vinnutímasamningum að þar hafa menn tímasett matarhlé í 20 mínútur. Þeir samningar hafa verið samþykktir af starfsmönnum.

Spurt var um stöðuna hjá Isavia, Þórarinn sagði að það væri ólíkt öðrum ríkisstofnunum, er ohf félag. Enn ekki komið samkomulag, þar er obbinn vaktavinnuhópur og ekki komin sátt um styttingu. Isavia hefur einhliða farið í lágmarksstyttingu en það hefur ekki gildi formlega. Að lokum verður samið.

Það þarf að vera samkomulag í umbótavinnunni um fyrirkomulagið.

5. Önnur mál

Jóhanna Þórdórsdóttir fjallaði um námskeið fyrir trúnaðarmenn og fleira. Hún sýndi úrval námskeiða sem eru í boði í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt og Félagsmálaskóla Alþýðu.

Mikilvægt fyrir félagið og fræðsluaðilana sem eru að skipuleggja vorönnina að trúnaðarmenn skrái sig svo ekki þurfi að fella námskeiðin niður.

Einnig er mikilvægt að þeir sem skrá sig mæti á námskeiðið.

Gott að vita námskeið eru almenn námskeið fyrir félagsmenn, þeim að kostnaðarlausu. Út af Covid eru öll þessi námskeið á netinu. Við getum sótt öll námskeið á landinu á þessum tímum.

Spurt, með hversu stuttum fyrirvara má segja fólki að það þurfi að manna deild á leikskóla. Ef menn eru kallaðir til utan síns vinnutíma þá þarf að greiða yfirvinnu, nema það sé sveigjanleiki í fyrirkomulaginu.

Spurning: Bárust mörg framboð í stjórn og nefndir? Árni sagði að uppstillinganefnd er að störfum og mun skila niðurstöðu til fulltrúaráðs sem fjallar um tillögurnar.

Spurt um sjóð sem átti að dekkja kostnaðarauka vegna vaktavinnu –

Árni sagðist ekki kannast við ákveðinn sjóð, það var reiknað út hvað þetta myndi kosta, það átti að halda kostnaði í lágmarki en raunkostnaður liggur ekki fyrir.

Næsti trúnaðarmannaráðsfundur verður 20. apríl. Þá verða stjórnarskipti gengin í gegn.

Fulltrúaráðsfundur verður 8. febrúar.

Aðalfundur verður 25. mars.

Fundi slitið kl. 15:10